



## **Aðalfundur Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni (FEB) haldinn 21. febrúar 2024 kl. 14 að Gullhömrum, Þjóðhildarstíg 2, Reykjavík.**

### **Dagskrá aðalfundar samkvæmt lögum félagsins**

#### **1. Kosning fundarstjóra og fundarritara**

Formaður FEB, Ingibjörg H. Sverrisdóttir setti fundinn og gerði tillögu um Daða Bjarnason sem fundarstjóra og Ástrúnu Björk Ágústsdóttur sem fundarritara. Það var samþykkt og tók fundarstjóri við stjórn fundarins. Fundarstjóri lýsir því yfir að fundur hafi verið rétt boðaður skv. lögum félagsins og sé þar með löglegur

#### **2. Lögð fram skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins á liðnu ári**

Formaður FEB flutti skýrslu stjórnar um félagsstarfið á liðnu starfsári.

#### **3. Kosning formanns**

Fengið var samþykki fundarins að gera breytingu á dagskrá og gera hlé á formlegri dagskrá kl. 14.30 til ganga til kosninga um formann. Það eru 4 frambjóðendur til formanns. Nöfn frambjóðenda voru í stafrófsröð en fyrsta nafnið var valið með útdrætti skv. grein 11.6 í lögum félagsins.

- Borgþór S. Kjærnested
- Sigurbjörg Gísladóttir
- Sigurður Ágúst Sigurðsson
- Sverrir Örn Kaaber

Frambjóðendum til formanns var boðið að setjast við pallborð og fékk hver frambjóðandi 3 mínútur til að kynna sig í púlti.

Kl. 14.45 tilkynnti fundarstjóri að kosning væri hafin og kusu fundarmenn úr sætum sínum og var atkvæðum safnað saman í kassa. Að kosningu lokinni, hófs talning. Dagskrá fundar haldið áfram þar sem frá var horfið

#### **4. Lagðir fram áritaðir ársreikningar félagsins ásamt fjárhagsáætlun rekstrarársins**

Dýrleif Guðjónsdóttir, framkvæmdastjóri FEB, fór yfir ársreikning félagsins og fjárhagsáætlunina en hvorutveggja lá fyrir fundinum.

#### **5. Umræður um skýrslu stjórnar, ársreikninga og fjárhagsáætlun.**

Gunnar Gunnarsson kvaddi sér hljóðs vegna skýrslu stjórnar og áréttaði beiðni sína frá síðasta aðalfundi vegna afleiðingar COVID á eldri borgara sem þá var vísað til stjórnar en stjórn sinni ekki.

Aðrar umræður urðu ekki og bar fundarstjóri upp reikninga félagsins og fjárhagsáætlun. Atkvæði voru greidd með handauppréttingu og voru reikningar og fjárhagsáætlun samþykkt.

## 6. Lagabreytingar

Þorbjörn Guðmundsson í fjarveru Finns Birgissonar formanns laganefndar kynnir tillögu laganefndar að breytingum á grein 7.6 í lögum félagsins.

### Grein 7.6 nú/fyrir breytingu

Stjórnarfundur skal formaður eða framkvæmdastjóri boða tryggilega. Stjórnarfundur er lögmætur ef meirihluti stjórnar er viðstaddur. Boða skal varamenn, sem hafa málfrelsi og tillögurétt á fundum en ekki atkvæðisrétt nema þeir taki sæti aðalmanns.

### Lögð er til eftirfarandi breyting á grein 7.6:

Stjórnarfundur skal halda eins oft og þörf krefur og að jafnaði mánaðarlega. Skyld er að halda stjórnarfundur komi fram rökstudd ósk frá a.m.k. tveimur stjórnarmönnum eða framkvæmdastjóra félagsins. Stjórnarfundur skal formaður eða framkvæmdastjóri boða tryggilega. Stjórnarfundur er lögmætur ef meirihluti stjórnar er viðstaddur. Boða skal varamenn, sem hafa málfrelsi og tillögurétt á fundum en ekki atkvæðisrétt nema þeir taki sæti aðalmanns.

Afl atkvæða ræður afgreiðslu mála. Falli atkvæði jöfn telst tillaga fallin.

Lagabreytingin var samþykkt með handaupplyftingu.

## 7. Kynning á úrslitum kosninga til formanns

Gert var hlé á formlegri dagskrá og Óskari Magnússyni, formanni kjörnefndar boðið að tilkynna niðurstöður kosninga til formanns:

- Sigurður Ágúst Sigurðsson hlaut 215 atkvæði
- Sigurbjörg Gísladóttir hlaut 130 atkvæði
- Borgþór Kærnested hlaut 6 atkvæði
- Sverrir Örn Kaaber hlaut 3 atkvæði

Fundarstjóri býður nýjum formanni, Sigurði Ágústi Sigurðssyni að ávarpa fundinn.

## 8. Kosning stjórnar FEB

Fundarstjóri kynnir kosningu til aðal- og varamanna í stjórn FEB.

Það eru 6 í aðalstjórn fyrir utan formann og 3 varamenn. Ástrún Björk Ágústsdóttir, Árni Gunnarsson og Stefanía Valgeirsdóttir sitja áfram í stjórn til ársins 2025 og því þarf að kjósa um 3 aðalmenn og 3 varamenn.

Ákveðið hefur verið að fara eftir tillögu uppstillingarnefndar sem er: að á aðalfundi FEB þann 21. febrúar fari fram kosning til stjórnar um öll sem í framboði eru.

Það voru 11 frambjóðendur til stjórnar. Nöfn frambjóðenda voru í stafrófsröð en fyrsta nafnið var valið með útdrætti skv. grein 11.6 í lögum félagsins. Frambjóðendur voru beðnir að standa upp þegar nafn þeirra er nefnt og með því kynntir:

- Ólöf Pálína Úlfarsdóttir

- Ragnar Árnason
- Bessí Jóhannsdóttir
- Birgir Finnbogason
- Björn Þ Kristjánsson
- Elinóra Inga Sigurðardóttir
- Guðrún Ósk Jakobsdóttir
- Jón Magnússon
- Kristinn Eiríksson
- Kristján E Guðmundsson

Merkja skal við 6 nöfn á seðlinum, hvorki fleiri né færri – annað veldur ógildingu.

Fundarstjóri sagði kosningu byrjaða og kusu fundarmenn úr sætum sínum og var atkvæðum safnað saman í kassa. Að kosningu lokinni hófs talning. Dagskrá fundar haldið áfram þar sem frá var horfið.

#### 9. Tillaga var fyrir fundinum um eftirfarandi skoðunarmenn ársreikninga:

- Ólaf Gränz
- Guðrúnu Árnadóttur
- Jóhann Ásgrímsson, til vara

Þar sem ekki bárust fleiri tillögur um skoðunarmenn þá skoðuðust þau sjálfkjörin.

#### 10. Afgreiðsla tillagna og erinda sem lögð eru fyrir fundinn.

Ein tillaga barst fyrir fundinn frá Gunnari H. Gunnarssyni og var hún svohljóðandi:

*„Aðalfundur FEB árið 2024 samþykkir að beina því til stjórnar FEB að hún beiti sér fyrir því að ríkisstjórnin láti fara fram vandaða opinbera úttekt á því hvernig baráttan gegn COVID faraldrinum tókst á Íslandi. Slíkar úttektir hafa verið gerðar á hinum Norðurlöndunum, enda mikilvægt að læra af reynslunni, vegna þess að vitað er að aðrir heimsfaraldrar munu koma síðar. Þetta er mikið hagsmunamál eldri borgara vegna þess að þeir, sem létust úr COVID á Íslandi voru nær eingöngu eldri borgarar!“*

Áður en tillagan var borin til atkvæða, var lögð fram breytingatillaga þess efnis að tillaga Gunnars H. Gunnarssonar yrði vísað til afgreiðslu hjá stjórn FEB.

Þessi afgreiðsla var samþykkt

#### 11. Ályktun

Ingibjörg H Sverrisdóttir las upp tillögu að ályktun aðalfundar FEB

##### **Ályktun aðalfundar Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni 21. febrúar 2024.**

Aðalfundur Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni skorar á stjórnvöld að setja aukinn kraft í uppbyggingu hjúkrunarheimila á höfuðborgarsvæðinu. Nú er svo komið að algjört neyðarástand hefur skapast, enda fer eldra fólki ört fjölgandi. Nú eru 243 einstaklingar, skv. tölum landlæknisembættisins frá því í september 2023, á biðlista. Hægt gengur að vinna á biðlista þessum en hann stendur nánast í stað eða bætist við hann milli ársfjórðunga. Þetta er algjörlega óboðlegt ástand og stjórnvöldum til háborinnar skammar sem hafa haft mjög langan tíma til að leysa þetta

vandamál. Enda hefur verið fyrirséð í mörg ár í hvað stefndi þar sem mannfjöldaspár hafa sýnt það, svart á hvítu, að veruleg fjölgun myndi eiga sér stað í náninni framtíð. Þolmörkum hefur verið náð fyrir löngu. Verði ekkert að gert mun eldra fólk á biðlista eftir hjúkrunarheimili ekki komast að sem setur enn aukið álag á sjúkrahúsin, sem þegar finna fyrir ástandinu. Það er gríðarlega kostnaðarsamt að halda fólki á sjúkrahúsi, sem á raunar að vera inni á hjúkrunarheimilum. Það segir sig auðvitað sjálft að mikill munur er á lífsgæðum eldri borgara sem rúmliggjandi eru á sjúkrahúsi eða á hjúkrunarheimili þegar lækniástoð á sjúkrahúsi er lokið. Þeir einstaklingar sem komast ekki áfram í kerfinu verða af ákveðnum félagslegum tengslum og ýmis konar afþreyingu og tómstundum sem hjúkrunarheimilin geta boðið sínu heimilisfólki á meðan sjúkrahús hafa ekki slíka þjónustu að bjóða. Einmannaleika þarf svo sannarlega að sporna við og það gerum við ekki með því að halda einstaklingum á sjúkrahúsi sem eru tilbúnir til útskriftar yfir á hjúkrunarheimili. Enda er allt annað að vera inni á heimili með sína persónulegu hluti og aðstöðu til að taka á móti nánustu fjölskyldu eða vinum. Á sjúkrahúsi er hætt við einangrun, þar sem heimsóknir og almenn lífsgæði eru takmörkuð sem getur valdið því að eldra fólk visnar upp og jafnvel deyr á biðlistanum. Birst hafa fréttir í fjölmiðlum um breytingar á heilbrigðisstofnunum þar sem skrifstofur og baðherbergi hafa verið rýmd og gerð úr þeim hjúkrunarrými eða einbýlum breytt í tvíbýli. Aðalfundur FEB bendir á að aðbúnaður þessi er í engu samræmi við lágmarksviðmið um byggingu og starfsemi hjúkrunarheimila og hjúkrunarrýma frá júní 2014, sem velferðarráðuneytið ákvað varðandi skipulag hjúkrunarheimila og hjúkrunarrýma. Það er kvíðvænlegt fyrir marga að lenda á þessum stofnunum, vera þar öðrum háður og vita að þjónustan er í algjöru lágmarki. Ríki og sveitarfélögum er skylt að koma þessum málum í lag sem fyrst og hætta að kasta vandanum á milli sín. Við sættum okkur ekki við neitt annað!

Ályktunin var borin undir atkvæði og hún samþykkt

## 12. Ákvörðun um árgjald félagsmanna árið 2024

Þrátt fyrir almennar verðlagshækkningar og að aðildargjald að LEB hafi hækkað um 100 kr. per. félagsmann, leggur stjórn FEB til að árgjaldið árið 2024 verði óbreytt eða kr. 5.600.

Tillagan var borin undir atkvæði og samþykkt

## 13. Önnur mál

Framkvæmdastjóri FEB kvaddi sér hljóðs til að þakka fráfarandi stjórnarformanni og stjórnarmönnum fyrir vel unnin störf í þágu félagsins og færði þeim blómvönd.

Ákveðið var að tilkynna með niðurstöður stjórnarkjörs á heimasíðu félagsins strax að lokinni talningu.

Fundi slitið um kl. 16.30



Ingibjörg H. Sverrisd. fráfarandi formaður FEB



Ástrún Björk Ágústsdóttir, fundarritari